



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um vöntun á leikskólapláss og móttöku barna frá Úkraínu

Á fundi borgarráðs, 17. mars 2022 lagði áheyrnarfulltrú Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Því hefur verið fleygt að það vanti 900 leikskólapláss en tölunni 1500 hefur einnig verið fleygt. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvað vantar mörg leikskólapláss núna (mars 2022). Hvað er reiknað með að vanti mörg pláss þegar sumarfríum lýkur í ágúst 2022? Einnig spurt hvort búið er að gera áætlanir um móttöku barna frá Úkraínu sem nú streyma til landsins. Er farið að skoða hvað vantar inn í skólanna, smátt og stórt, t.d. er rými, snagar, borð og stólar? Hvað er áætlað að þurfi að fjölga mikið í starfsmannaliði leikskólanna ef við bætast t.d. 100 börn á stuttum tíma?

Svar:

Ef horft er til stöðunnar á biðlistanum við upphaf þessa skólaárs eru um 460 börn eldri en 12 mánaða á biðlista og þar af 53 sem eru eldri en 18 mánaða. Ópið er fyrir leikskólainnritun fyrir börn fædd í maí 2021 og eldri.

Ekki hafa verið gerðar sértækar áætlanir vegna móttöku flóttabarna frá Úkraínu í leikskóla. Sl. vor var rekin fjölskyldumiðstöð fyrir úkraínska flóttamenn þar sem foreldrar gátu komið með börn sín. Verið er að leysa bráðavanda með sérstöku tímabundnu skólaúrræði við Vesturbæjarskóla fyrir þau börn sem eru á grunnskólaaldri og fjölskyldur þeirra sem hafa ekki fengið fast húsnæði. Unnið er að því að taka á mótí stórauknum fjölda barna sem fá stöðu flóttafólks, ekki bara frá Úkraínu heldur einnig frá fleiri löndum. Flóttabörn á leikskólaaldri sem óskað er eftir að komist í leikskóla Reykjavíkurborgar innritast í leikskóla líkt og önnur börn eftir því sem pláss losna og fer innritun þeirra eftir þeim reglum sem gilda hjá Reykjavíkurborg.

Ef fjölgar um 100 börn í leikskóla má áætla að það þurfi 25-30 starfsmenn til viðbótar til starfa.